

Nr. 4/1907:

Sigurður Pálsson
gegnHallgrími Davíðssyni fyrir hönd
Gudmanns Efterfólgers verzlunar.

D ó m u r :

Áfryjandi máls þessa, Sigurður Pálsson, sótti stefnda Hallgrím Davíðsson f. h. verzlunar Gudmanns Efterfólgers, fyrir gestarétti Akureyrarkaupstaðar til þess að rýma lóð á Brimnesi í Ólafsfirði, sem áfryjandi hafði leigt stefnda árið 1896. Var kveðinn upp í því dómur fyrir gestaréttinum 25. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að stefndi skyldi vera sýkn af kröfum sækjanda, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Sigurður Pálsson áfryjað til landsyfirdómsins með stefnu 22. jan. þ. á. og krafist, að hinn áfryjaði dómur verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirrétti verði að öllu leyti teknar til greina svo að leiguréttur stefnda verði dæmdur burtfallinn og hann skyldur til að víkja af lóð áfryjanda í Ólafsfirði, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefndi krafist, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum áfryjanda í þessu máli, og að hann verði dæmdur í sekt fyrir þrætugirni og í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti eftir mati réttarins.

Það skal þegar tekið fram, að ekki virðist nein ástæða til að sekta áfryjanda fyrir þrætugirni.

Hinn 11. júlí 1896 leigði áfryjandi stefnda lóð í landi eignarjarðar sinnar Brimness í Ólafsfirði, er stefndi

mætti nota til þess að byggja á henni hús og önnur mannvirki og gjöra bryggju framundan lóðinni gegn því að greiða í árlegt gjald 30 kr., er skyldi lokið fyrir 1. júlí ár hvert. Skyldi leigusamningurinn vera óuppsegjanlegur af hálfu leigjanda, en leigutakandi skyldi mega segja honum upp með missiris fyrirvara. — Samningur þessi er skriflegur.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að nýnefnt skjal sé ekki leigusamningur í réttum skilningi orðs þessa, heldur að eins einhliða yfirlýsing hans, sem stefndi aldrei hafi undirskrifað, og sé því skuldbinding sú, er áfrýjandi með yfirlýsingunni hefir undirgengist, fallin burtu, af því að stefndi hafi í næstum heilt ár vanrækt að greiða áfallið lóðargjald. En þótt stefndi hafi ekki ritað undir skjalið, þá er það á annan hátt fullsannað, að hann hefir gengið að sínu leyti að innihaldi skjalsins, svo sem með því að láta þinglesa það, byggja á lóðinni og greiða afgang af henni, og verður það því ekki skoðað öðru vísi en sem leigusamningur milli málsaðila. Þennan samning telur áfrýjandi samt rofinn með því að stefndi hafi látið fyrirfarast að greiða leiguna 1903/04 og 1904/05 á réttum tíma og hafi hann því fyrirgjört rjetti sínum til þess að nota lóðina. Nú er það að visu rétt, að lóðargjaldið var ekki greitt á réttum tíma nýnefnt tímabil, en þar sem áfrýjandi hinn 8. júlí 1905 tók á móti leigunni fyrir nefnt 2 ára tímabil umyrðalaust, og gaf skilyrðislausu kvittun fyrir henni, verður að líta svo á, að hann geti eigi síðar — en mál þetta var af hans hálfu höfðað nærfelt ári síðar — komið fram með þá kröfu, að leigurétturinn verði talinn niður fallinn fyrir áminstan drátt á greiðslu leigunnar, og ber því, eins og undirdómarinn

hefir gjört, að sýkna stefnda af kærnum og kröfum áfrýjanda í málinu. Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað. Áfrýjandi Sigurður Pálsson greiði stefnda Hallgrími Daviðssyni fyrir hönd Gudmanns Efterfólgers verzlunar 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 7/1907:

Jóhannes V. H. Sveinsson
 gegn
 Einari Markússyni.

D ó m u r:

Með gestaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu 16. okt. 1905 var áfrýjandinn Jóhannes V. H. Sveinsson skipstjóri á Kirkjufelli dæmdur til að greiða stefnda Einari kaupmanni Markússyni í Ólafsvík 223 kr. 78 a. með 6^o/_o vöxtum frá stefnudagi og 10 kr. í málskostnað. Dómur þessi var birtur áfrýjanda 1. nóv. 1905, og 4. des. s. á. kom hreppstjórinn í Eyrarsveit